

**GJALDSKRÁ**

fyrir

rafmagn í Keflavíkurkaupúni.

**10**  
7. mars**1. gr.**

Verð á rafmagn til ljósa gegnum mæli er fyrst um sinn kr. 1.50 hver kilowattstund.

Rafveitunefnd er heimilt að hækka eða lækka gjald þetta um 25% eftir því sem þarf, til þess að rekstur stöðvarinnar beri sig.

Ennfremur greiði hvert mótorbátsfjelag aukagjald kr. 100.00 árlega umfram gjald eftir mæli.

Utan venjulegs ljósatíma, er gæslumanni heimilt að hafa vjelar stöðvarinnar í gangi, ef þess er beiðst. Skal sá, er þess beiðist, greiða fyrir hverja klukkustund, eða brot úr klukkustund, kr. 10.00.

**2. gr.**

Gjald fyrir rafmagn um mæli greiðist í lok hvers mánaðar. Aukagjald af mótorbátum greiðist fyrir 31. maí.

Sje gjald fyrir rafmagn ekki greitt innan viku eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda, enda hafi honum áður verið tilkynnt krafan skriflega.

Hver húseigandi ber ábyrgð á greiðslu fyrir rafmagn, sem notað er í húsi hans.

Gjöld öll fyrir rafmagn má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. mars 1928.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

---

*Vigfús Einarsson.*